



„Að virkja bæjarlækinn 2“

Staðsetning: Vörputorg

Hugmyndin: lækur, regnvatn, samspil heita og kalda vatnsins, gufa, virkjun, rafmagn; kallast á við sögu svæðisins og verið að hjálpa þessu hverfi að finna sína eigin sjálfsmynd.

Tillagan gengur út á að þetta er gamalt iðnaðarsvæði, með alls kyns iðnaði. Þar á meðal hefur Rafmagnsveita Reykjavíkur átt þar aðsetur í mörg ár og á hús á svæðinu. Auk þess er Elliðaávirkjunin í nágrenni Vogabyggðar sem var fyrsta meiri háttar virkjunin í landinu, byggð á árunum 1919 – 1921.

Útgangspunkturinn er að vinna með rennandi vatn og tengja það við iðnaðarhverfið. Íslendingar eru heppnir að hafa nóg af vatni, vatn hefur aðdráttarafli, volgt vatn gerir rennsli allt árið mögulegt. Þannig kviknaði hugmyndin að því að búa til rennandi læk með nokkrum sentimetrum af volgu vatni og leiksvæði umhverfis hann sem myndi laða að unga sem aldna.

Verkið minnir á vatnslitaverk frá 17. öld, Chatsworth Cascade, sem hannað var af frönskum vatnsaflsfræðingi, Monsieur Grillet, og er staðsett í Chatsworth í Derbyshire á Englandi.



Elliðaávirkjun



Chatsworth Cascade

Lýsing:


30 m langur lækur rennur í gegnum Vörputorg og liggur í beinni línu við göngubrúna. Lækurinn kemur upp úr jörðinni ofarlega á torginu og hverfur svo eftir 30 m og rennur neðanjarðar að brúnni sem liggur út á Snarfaratanga. Lækurinn er eins og tröppur og er gerður úr eldsprengdum granítplötum (eða sjónsteypuplötum), þannig að ekki verður sleipt að ganga upp eða niður lækinn. Miðað er við að lækurinn verði grunnur og lítill halli á hverri tröppu. Þarna verður sírennsli af volgu vatni og einnig er áætlað að yfirborðsvatn úr nágrenninu komi til með að renna í lækinn. Kalda vatnið gæti komið úr uppsprettu sem fundist hefur nýlega ofar í brekkunni og heita vatnið kemur frá nærliggjandi húsum. Sérstakar dælur sjá um sírennsli vatnsins sem þarna fer um. Lækurinn býr til léttan lækjarnið og gufu á köldum dögum, hann hefur aðdráttarafli fyrir fólk á öllum aldri.

Eftir að lækurinn fer ofan í jörðina aftur rennur hann í átt að brúnni og kemur niður sem lítill foss, en þó nógu stór til þess að hægt sé að virkja hann og búa til nægilegt rafmagn til að lýsa upp torgið og lækinn. Það má virkja fallið ofan af brúninni eða rennslishraðann í rennunni sjálfri.

Ef fallið er virkjað myndi rennsli upp á ½ rúmmetra og 5 m hæð nægja til að mynda umtalsvert rafmagn, a.m.k. 100 kW sem dugir í lýsingu frá mörgum ljósastaurum. Gera má ráð fyrir að einn ljósastaur með LED lýsingu þurfi um 100 W. (Þessar upplýsingar fengust hjá Magnúsi Sigurðssyni, verkfræðingi hjá Landsvirkjun.)

Skúlptúr:

Á torginu verður staðsettur einn stór skúlptúr sem minnir á túrbínur eða önnur form postulínseinangrara. Það er einfalt í formi, en sterkt og gefur Vöruputorgi sterkan svip og einkenni. Skúlptúrin verður steypur úr tveimur hlutum. Efni er brúarsteypa. Frauðplast notað til að gera grunngerð af verkinu, síðan þarf að búa til steypumót eftir því. Þetta verk verður unnið úr steinsteypu og kallast þannig á við verk Gerðar Helgadóttur sem eru úr sama efni; það verður einnig samhverft og byggt upp úr iðnaðarhlutum.



Mynd 35 Veggmyndir Gerðar Helgadóttur á vesturvegg háskans Daggröps 2.¹¹